

Ed.

298. Frumvarp

til laga um bann við því, að bankar og aðrar lánstofnanir greiði hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bankar, sparisjóðir eða aðrar stofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðsstarfsemi eða til að taka á móti innlánsfé til ávöxtunar, mega ekki greiða hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er að ræða fé í venjulegum viðskiptabókum stofnunarinnar, á innlánsskirteinum, hlaupareikningi eða til ávöxtunar á annan sérstakan hátt.

2. gr.

Nú hefir peningastofnun tekið við fé til ávöxtunar á innlánsskirteini eða á annan hátt með sérstökum samningi, áður en lög þessi öðlast gildi, með hærri vöxtum en lög þessi leyfa, og skulu þeir þá standa óhaggaðir til næsta gjald-daga, þó eigi lengur en sex mánuði frá því að lög þessi öðluðust gildi.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að undanþiggja Söfnunarsjóð Íslands ákvæðum þessara laga, gegn því að sjóðurinn lækki útlánsvexti sína niður í 5% — fimm af hundraði — á ári, enda taki þetta einnig til eldri lána hans.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10000—100000 kr. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.